

Kæru þingfulltrúar

Ég mæli eindregið með frumvarpi sem leyfir konum að ráða hvort þær vilji ganga með og eiga það fóstur sem þær kunna að bera, ef um ótímabæra, óæskilega, tilneydda þungun hefur verið að ræða.

Ég tel það spurningu um mannréttindi kvenna, hvort þær fái að ráða hvort þær vilji ganga með og eiga það fóstur sem þær ganga með hverju sinni.

Rök hópa tengdum trústöfum eru oft en ekki byggð á aldagömlum tilskipunum trúarrita þeirra, sem eru löngu úrelt og taka ekkert tillit til framþróunar mannlegra tilfinninga né heilbrigðis- eða félagslegra aðstæðna verðandi mæðra.

Trúarleg viðhorf í þessum efnum, eins og til notkunar getnaðarvarna, framkvæmd umskurðar á ómálga drengjum o.fl. sýna berlega steingerfð viðhorf sem einblína aðeins á eitt, þ.e. að tilskipanir trúarlegra persóna eins og Abrahams, Móse, Zarabústra, Búdda, Jesúsar, Páls eða Péturs postula, Múhameðs og fleiri þeirra sem menn trúa að sé eins konar 'sendiboði' Guðs.

Við nánari skoðun kemur í ljós að þessir 'sendiboðar' Guðs eru ekki í neinum tengslum við mannlegar tilfinningar fólks í mörgum efnum, þó vissulega séu þeir flestir ef ekki allir með einhverjar sammannlegar kennisetningar sem eru sígild 'sannindi' ef svo mætti kalla.

Þess vegna mæli ég með því að Íslendingar sýni fordæmi sem aðrar þjóðir mættu taka sér til eftirdæmis þegar fram líða stundir.

Mbkv.

Sigurður R. Sigurbjörnsson

Fífuseli 32

109 Reykjavík